



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 13. júní 2018
2018010057

Efni: Umsögn byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum í bréfi dags. 14 maí sl., þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Guðríðar Guðmundsdóttur að reka gististað í flokki II, tegund F, Mjallargötu 1, Ísafirði.

Gististaður II, er gististaður án veitinga. Flokkur F, Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2. gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér falla undir starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskyldar.

Húsnæðið er skráð sem íbúð á byggingarstigi 7 í þjóðskrá.

Mjallargata 1, Ísafirði er á svæði sem skilgreint er sem miðbæjarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, ákvæði skipulagsins fyrir miðsvæði eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri verslun, þjónustu og íbúðum.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við umsókn með vísan í umsögn slökkviliðs Ísafjarðarbæjar dags. 15.05.2018

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn dags. 11.06.2018

Athugasemd skipulags- og byggingafulltrúa.

Í með vísan reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald segir í grein 12 mgr. 1, Íbúðagisting er leiga á stakri íbúð til ferðamanna. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingarfulltrúa sem slík.

Heimagistingu samkvæmt ákvæðum 13. gr. má reka í samþykktu íbúðarhúsnæði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnæði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru. Breytt notkun kallar á umsókn um byggingaleyfi.

Virðingarfyllt,


Axel Rodríguez Översjö
- skipulags- og byggingarfulltrúi -